

## Leiðréttинг

Siðanefnd samþykkti á fundi sínum 21. September 2021 eftirfarandi leiðréttingu á texta úrskurðar í málínu nr. 1 2021-2022:

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands hefur borist ósk um leiðréttingu á úrskurði í málí 1/2021-2022. Þar er viðtal og myndbirting á barni kærð til nefndarinnar. Í úrskurði nefndarinnar kemur fram að deilendur hafi sameiginlega forsjá yfir viðkomandi barni. Samkvæmt gögnum málsins er það rangt. Í svari kærðu kemur eftirfarandi fram: „**Eva Jóhannsdóttir er skráð forsjáraðili yfir barninu, eins og sjá má á meðfylgjandi forsjárvottorði, og hefur heimild til þess að segja frá lífshlaupi sínu í samhengi við afkomanda sinn.**“

Siðanefnd biðst afsökunar á þessu misrämi um leið og hún leiðréttir það. Rétt er að taka fram, að þetta breytir engu um niðurstöðu úrskurðarins, að siðareglur hafi ekki verið brotnar með birtingu viðtalsins.

Fyrir hönd Siðanefndar.

Hjörtur Gíslason, formaður.

Reykjavík